



Ræða Aðalsteins Þorsteinssonar forstjóra Byggðastofnunar á Byggðaráðstefnunni 2018

Góðir ráðstefnugestir.

Það er mér sérstakt ánægjuefni að bjóða ykkur velkomin í minn fallega gamla heimabæ Stykkishólm á Byggðamálaráðstefnuna sem nú er haldin í þriðja sinn og nú undir yfirskriftinni: „Byggðapróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúruvernd farið saman?“ Tilgangur ráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðamálum og umhverfismálum með það að markmiði að miðla þekkingu og skapa umræður um það hvernig við nýtum og verndum náttúruauðlindir og eflum byggð um land allt í sátt við náttúru og samfélag. Umfjöllun um þessi málefni á alltaf við, en það það má etv segja í ljósi nýjustu fréttu að ráðstefnan sé sérlega vel tímasett að þessu sinni.

Megináherslur stjórnvalda á sviði byggðamála koma fram í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem Alþingi samþykkti í júní síðast liðnum. Þær eru að jafna tækifæri til atvinnu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggða og jöfnu aðgengi að þjónustu um land allt. Búsetu fylgir rask og hún hefur mikil umhverfisáhrif. Maðurinn er þurftafrek skepna og samkeppnishæfni svæða veltur á aðgengi að nútímataækni og þjónustu. Umhverfisvernd og þróun byggða eru því viðfangsefni sem ekki verða með góðu móti aðskilin.

Ég vil nefna sérstaklega tvö verkefni í nýrri byggðaáætlun sem ætlað er að stuðla að náttúruvernd og uppbyggingu atvinnutækifæra í sátt við náttúru og samfélag.

Annað verkefnið ber yfirskriftina *Náttúruvernd og efling byggða*. Í því er lögð áhersla á að náttúruvernd beinlínis stuðli að eflingu byggða. Greina á tækifæri og ávinning af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða s.s í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Verulegur ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þjóðgarða.

Vernduð svæði, hvort sem þau eru þjóðgarðar, svæði á Heimsminjaskrá eða landsvæði friðuð af ríkisstjórnnum eða alþjóðlegum samningum, skapa sérstök

tækifæri til þróunar. Náttúrlegar og menningarlegar auðlindir sem slíkar þjóða upp á aðstæður til eflingar ferðaþjónustu, en samtímis útheimta þær sérstaka vernd og varkárni í öllum ákvörðunum. Verndun lands er í margra augum neikvæð fyrir byggðapróun dreifbýlis, en þeim fjölgar hins vegar stöðugt sem líta á hana sem tækifæri og hvata til sjálfbærrar byggðapróunar.

Hitt verkefnið ber yfirskriftina *Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum*. Verkefninu er ætlað að auka gæði í hönnun og uppbyggingu innviða og draga úr hættu á ónauðsynlegu raski. Uppbygging á að falla sem best að landslaginu og stuðla að jákvæðri upplifun gesta. Stutt verður við verkefni sem samræmast stefnu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Skipulagsáætlanir gegna lykilhlutverki við mótun framtíðarsýnar fyrir svæði og eru öflugt tæki til að stýra uppbyggingu og þróun byggðar. En oft þarf að samþætta ólíkar þarfir og áherslur og gera málamiðlanir sem fela í sér besta niðurstöðu fyrir samfélagið, þar af leiðandi er samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila lykilatriði. Íbúar mega ekki gleymast þegar gerðar eru áætlanir fyrir svæði.

Það virðist stundum erfitt að ræða mál eins og náttúruvernd og nýtingu lands og sjávar af yfirvegum og himinn og haf á milli skoðana andstæðra hópa og erfitt að finna málamiðlanir, krafan er allt eða ekkert. Þó er það svo að rannsóknir benda til þess að yfir 90% Íslendinga telji sig tilheyra hópi umhverfisverndarsinna. Rannsóknir dr. Þorvarðar Árnasonar heimspekings benda t.d. til þess að þjóðin sé sammála um að náttúra landsins sé helsta sameiningartákn þjóðarinnar, umfram bæði fánann og tungumálið. Það er því á stundum erfitt að skilja þann ágreining og hörku sem oft kemur upp á yfirborðið þegar rætt er um umhverfismál og umræðan verður iðulega á þann veg að fólk veigrar sér við að taka þátt í henni.

Við getum nefnt eldi laxfiska í sjókvíum sem er efst á baugi í augnablikinu. Þar telja veiðiréttareigendur og fleiri að lífríki laxveiðiáa hringinn í kringum landið sé ógnað af laxeldi á Vestfjörðum og á Austfjörðum. Á sama tíma sjá íbúar þessara svæða fiskeldið sem raunhæfa lausn og nýsköpun í atvinnumálum byggðanna eftir langvarandi samdráttarskeið og erfiðleika. Kastað er fram fullyrðingum sem stangast algerlega á í þessu efni.

Það eru harðar deilur um vatnsaflsvirkjanir. Virkjanakostir sem hafa jafnvel verið í nýtingarflokki í rammaáætlun um um vernd og orkunýtingu landsvæða eru

þegar til á að taka sagðir valda slíkum umhverfisspjöllum að óásættanlegt sé að ráðast í framkvæmdir. Ekki næst sátt um línuleiðir til að tryggja næga raforku og afhendingaröryggi eða yfirhöfuð hvort nauðsynlegt sé að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Það er ekki sátt um veglínur og deilur vegna þess leiða til þess að bráðnauðsynlegar úrbætur tefjast og heilu landshlutarnir búa við óöryggi af þeim sökum.

Þetta leiðir hugann að stjórnarsýslunni og þeim vandræðum sem virðast fylgja því að þoka málum áfram í gegnum hana. Við sem störfum í íslenskri stjórnarsýslu vitum að hún er ekki sálarlaus en hún er afar lítil og ofhlaðin verkefnum. Erfitt getur verið fyrir ókunnuga að rata í gegnum hana, línur skerast og of margar stofnanir og umsagnaraðilar koma að málum. Ótal aðilar þurfa að gefa út leyfi vegna sama rekstrar og taka fyrir það gjald. Hvernig má það vera að verkefni séu komin langt á veg, og jafnvel búið að reka fyrirtæki í fjölmörg ár lögum samkvæmt þegar komist er að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið rétt staðið að málum í upphafi og því verði að stöðva viðkomandi rekstur þegar í stað og setja þar með lífsafkomu og framtíð fjölda fólks í algert uppnám. Það hlýtur allt sanngjart fólk að sjá að þetta verklag getur ekki verið eðlilegt burtséð frá því hvaða skoðun við höfum á viðkomandi atvinnurekstri eða framkvæmd. Hvernig má það vera að verkefni séu komin svo langt á veg áður en kæruleiðir eru tæmdar og vafamál útkljáð.

Hér þarf einnig að hafa í huga að ein meginreglna stjórnarsýsluréttarins er meðalhófsreglan, en hún felur það í sér að stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Úr þessu hlýtur að vera hægt að bæta á sama tíma og þess er gætt að náttúran njóti vafans og það hlýtur að vera eitt að meginverkefnum stjórnvalda að gera það.

Við munum í dag og á morgun hlýða á fjölmörg áhugaverð erindi sem fjalla um það hvernig blómleg byggð og náttúrvernd geta farið saman. Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri hér í Stykkishólmi ætlar að kynna dagskrána og stýra ráðstefnunni í dag og ég vil biðja hann að koma hér upp og taka við.